

Samþætting sjálfbærniáhættu í fjárfestingar- ákvörðunartökuferli Almenna lífeyrissjóðsins

3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2019/2088 (SFDR)

Upplýsingagjöf sjálfbærniáhættu

Með lögum um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar hefur reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf vegna áhættu tengdri sjálfbærni (hér eftir SFDR) verið innleidd á Íslandi.

SFDR setur samræmdar reglur fyrir aðila á fjármálamarkaði um þær upplýsingar sem ber að birta um sjálfbærnitengd áhrif fjármálaafurða. Samkvæmt reglugerðinni ber að birta upplýsingar m.a. um það hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í fjárfestingarákvarðanir og hvort, og þá hvernig, tekið er tillit til skaðlegra áhrifa fjárfestinga á sjálfbærniþætti. Reglugerðin skilgreinir sjálfbærniþætti sem umhverfis-, félags- og starfsmannamál, virðingu fyrir mannréttindum og aðgerðir gegn spillingu og mútupægni. Markmið SFDR reglugerðarinnar er að auka gagnsæi fyrir fjárfesta og draga úr ósamræmi í upplýsingagjöf.

Þessar upplýsingar eru fyrst birtar í júní 2023. Þær eru endurskoðaðar þegar tilefni er til.

Sjálfbærniáhætta

Áhætta tengd sjálfbærni er skilgreind í SFDR reglugerðinni sem atvik eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarhátta (UFS) sem getur, ef upp kemur, haft veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar.

Sjálfbærniáhætta getur verið af ýmsum toga, t.d. loftslagsbreytingar, hækkun sjávarborðs, flóð, skógareldar, brot á mannréttinasáttmálum um vinnumarkaðslöggjöf, hagsmunaárekstrar og ófullnægjandi stjórnarhættir fyrirtækja.

Almenni lífeyrissjóðurinn er langtímafjárfestir og er meginmarkmið sjóðsins að ávaxta fé sjóðfélaga á hagkvæman hátt, m.t.t. ávöxtunar og áhættu, í samræmi við fjárfestingarstefnu á hverjum tíma. Við fjárfestingarákvarðanir sjóðsins er stefnt að því að hámarka verðmæti eigna til lengri tíma og stefna að góðri áhættudreifingu. Í heildaráhættumati fjárfestinga er m.a. horft til áhættuþátta tengdum sjálfbærni.

Sjálfbærniáhætta í ákvörðunartökuferli fjárfestinga

Almenni lífeyrissjóðurinn telur að samfélagsleg ábyrgð og áhersla á umhverfismál, félagsmál og stjórnarhætti sé mikilvæg forsenda fyrir því að fyrirtæki geti stuðlað að sjálfbærni og skilað góðri afkomu til langs tíma. Stefna sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar er hluti af fjárfestingarferli og er jafnframt höfð til hliðsjónar við gerð fjárfestingarstefnu.

Við mótun stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar er m.a. horft til grunngilda Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð (e. UN Global Compact), heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna (e.

UN Sustainable Development Goals) og viðmiðunarreglna Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. UN PRI).

Við mat á fjárfestingarkostum í fjárfestingarferli lífeyrissjóðsins er stefna útgefanda verðbréfa í UFS málum greind sérstaklega og jafnframt er horft til greininga á umhverfisáhrifum fjárfestinga, að því marki sem slíkar upplýsingar eru til staðar og aðgengilegar lífeyrissjóðnum á hverjum tíma. Slík könnun og greining er hluti af heildaráhættumati á einstökum fjárfestingarkostum og þar með hluti af eigna- og áhættustýringu sjóðsins. Það sama á við um fjárfestingar í innlendum og erlendum sjóðum, en þá er hluti af mati lífeyrissjóðsins að greina stefnu rekstraraðila í ábyrgum fjárfestingum og jafnframt að kanna stefnu viðkomandi sjóðs, hvort og þá hvernig sjálfbærni er samþætt í fjárfestingarferli. Við mat á sjóðum, hvort sem um er að ræða verðbréfasjóði eða sérhæfða sjóði, er einnig horft til þess hvort sjóðirnir eru flokkaðir sem 6. gr., 8. gr. eða 9. gr. sjóðir skv. SFDR reglugerðinni:

- 6. gr.: Sjóðir sem samþætta ekki sjálfbærni í fjárfestingarferli
- 8. gr.: Sjóðir sem efla umhverfislega og félagslega þætti
- 9. gr.: Sjóðir sem hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði

Áhætta tengd sjálfbærni er hluti af almennu áhættumati fjárfestinga en sérstakt mat á sjálfbærniáhættu hefur ekki verið innleitt í áhættustýringu eða eftirlitskerfi sjóðsins með áhættu.

Nánar er fjallað um UFS-þætti í stefnu lífeyrissjóðsins um ábyrgar fjárfestingar, eigendastefnu og fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Útgáfufirlit

Dagsetning	Útgáfa	Athugasemdir
30. júní 2023	1.0	Upplýsingaskjal skv. 3. gr. SFDR um hvernig sjálfbærniáhætta er felld inn í ákvörðunartökufarli fjárfestinga birt á heimasíðu.
30. nóvember 2024	1.1	Reglubundin yfirferð, án efnisbreytinga.